



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 128/177

komudagur 20.11.2002


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19.11.2002

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um athugun á orsökunum fyrir háu matvælavæðri á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins, 3. mál.

Að meðaltali verja íslenskar fjölskyldur um 16% af útgjöldum sínum til matarkaupa skv. mælingum Hagstofu Íslands. Enn hærra hlutfall af útgjöldum þeirra sem lægri hafa tekjurnar fara til matarkaupa. Matvælavæð skiptir því miklu í afkomu fólks. Alþýðusambandið telur því mikilvægt að leita orsaka fyrir háu matvælavæðri á Íslandi í samanburði við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins. Alþýðusambandið mælir því með samþykkt tillögunnar.

f.h. Alþýðusambands Íslands


Grétar Þorsteinsson, forseti

Allsherjarnefnd Alþingis
B.t. Helgu E. Þórisdóttur nefndarritara

Reykjavík, hinn 29. nóvember 2000

Efni: Umsögn BHM um tillögur til þingsályktana varðandi orsakir fyrir háu matvælaferði hérlendis og samanburð á matvælaferði hérlendis og í öðrum löndum Norðurlanda og ríkjum Evrópusambandsins (3. og 7. mál)

Vísað er til bréfa yðar, dags. 21. október 2002, varðandi umsögn um 3. og 7. mál, tillögur til þingsályktana varðandi orsakir fyrir háu matvælaferði hérlendis og samanburð á matvælaferði hérlendis og í öðrum löndum Norðurlanda og ríkjum Evrópusambandsins. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um þingmálið. Beðist er velvirðingar á því að ekki tókst að veita umsögn á þeim fresti sem veittur var.

BHM styður bæði þingmálin enda skiptir matvælaferð meginmáli fyrir launþega og eru tillögurnar til þess fallnar að auðvelda samanburð, aðgengi að upplýsingum og þar með auka samkeppni og þar með eftir atvikum lækka matvælaferð þar sem færi er á en það er alltof hátt hérlendis miðað við umrædd samanburðarlönd eins og rökstutt er í greinargerðum með þingsályktunartillögunum.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar BHM e.u.,



Gísli Tryggvason,
framkvæmdarstjóri BHM.

19. nóvember 2002

Umsögn Baugs Íslands um þingsályktunartillögu um matvælarverð á Íslandi

128. löggjafarþing 2002-2003

Þskj. 3 – 3 mál

Baugur Ísland styður heilshugar þingsályktunartillögu um athugun á orsökum fyrir háu matvælavæði á Íslandi.

Baugur Ísland tekur jafnframt undir það að til að fáist eðlileg mynd af orsökum fyrir þessu háa verði þarf að skoða þau skilyrði sem matvöruverslun og matvælaframleiðsla býr við sem og sömu þætti fyrir aðra innflutningsaðila á matvælum í landinu.

Almennt séð er það skoðun Baugs Ísland að hátt matvöruverð á Íslandi megi rekja til fimm þátta.

Smæð markaðarins

Íslensk verslun, innflytjendur og framleiðendur búa allir við þau skilyrði að vera mun minni en sambærilega fyrirtæki í ríkjum Evrópusambandsins. Til samanburðar má geta þess að stærsti aðili sem kemur að matvörusölu í Evrópusambandinu er 480 sinnum stærri en Baugur Group, eignarhaldsfélag Baugs Ísland. Stærsti aðili sem kemur að matvörusölu á Norðurlöndum er 130 sinnum stærri en Baugur Group. Ekki er ólíklegt að framleiðendur og innflytjendur á Íslandi búi við svipuð skilyrði. Eðlilega leiða þessi skilyrði til lægri vöruverðs hjá öðrum ríkjum þar sem innkaupsverð þeirra ríkja eru lægri.

Fjarlægð

Ísland býr við það að þurfa að flytja stærstan hluta af hráefni sínu til landsins, annaðhvort með flugi eða skipi.

Reglugerðaflækjan

Þættir sem kunna að virðast saklausir á pappírnum geta kostað neytendur þessa lands mikla peninga. Baugur Ísland bendir sérstaklega á tvo þætti í reglugerðum sem koma illa niður á neytendum.

- Merkingar á innihaldi í grömmum
Allan innflutning frá Bandaríkjunum þarf að merkja sérstaklega með innihaldi í grömmum, þar sem ekki er næganlegt að notast við innihald per skammt eins og Bandaríkjamenn gera. Slíkur kostnaður getur numið allt að 10-15 kr. Fyrir hverja pakkningu. Ekki er hægt að sjá hver nýtur góðs af þessu en áætla má að kostnaður vegna þessa sé á milli 100-200 milljónir.
- Merkingar á “réttu” tungumáli
Einungis er heimilt að selja vörur sem sýna innihald á Norðurlandamáli, ensku eða íslensku. Þar með takmarkast innkaupasvæði Íslands við sömu svæði, sem jafnframt eru dýrustu svæði Evrópu, nema aðilar leggja út í að sérmerkja vörur með fyrrgreindum kostnaði.

Framleiðslusinnað landbúnaðarkerfi

Íslenskt landbúnaðarkerfi miðar fyrst og fremst að því að framleiða vörur án tillits til þess hvort íslenskur markaður vilji þær eða kaupa megi þær á lægra verði í öðrum löndum. Ekki virðist vera

leytast sérstaklega eftir því að framleiða hér vörur sem hagkvæmt er að framleiða og geta staðist verðsamanburð við innflutning.

Hærri neysluskattar

Virðisaukaskattur á Íslandi er með því hæsta sem gerist í ríkjum Evrópusambandsins.

Þróun vísitalna neysluverðs á Norðurlöndum.

Matvæla-verð hefur ekki stigið hraðar en annað verðlag á Íslandi síðustu fimm árin. Byggingarvísitalan, vísitala dagvöru, vísitala neysluverðs án matvæla, launavísitalan og vísitala neysluverðs voru allar stilltar á 100 í jan. 1996. Í ágúst 2002, var byggingarvísitalan kominn í 135, vísitala dagvöru í 127, vísitala neysluverðs án matvæla í 126, launavísitalan í 154 og vísitala neysluverðs í 127. Af þessu má vera ljóst að aðrir þættir í þjóðfélaginu hafa hækkað meira eða jafnmikið og matvöruverð.

Samanburður matvæla-verðs á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu.

Skoða þarf sérstaklega hvort aðferðafræði hvernar hagstofu sé sú sama og aðilar séu á öllum stöðum að vera saman sömu vörur. Á Íslandi er mun minna framboð af svokölluðum einkamerkjum stórmarkaða og skapast það af smæð þeirra. Einkamerki þessi eru yfirleitt ódýrari en merkjavörur.

Einstakir matvæla-flokkar

Brauð, kornvörur o.fl.

Rétt er að vörur eru að langmestu fluttar til landsins. Þær eru hinsvegar ekki fluttar inn fullbúnar fyrir neytendur heldur hráefni í þær flutt inn og þær framleiddar hér. Ekki er rétt að engar innflutningshömlur séu á vörunum, en frosin brauð, frosnar pizzur, kökumix og brauðmix bera kílóagjöld frá 6 kr./kg. upp í 99 kr./kg.

Kjötvörur.

Ástæða er til að ætla að framleiðslukostnaður sumra landbúnaðarvara sé of hár og vegur það þungt í verlagningu. Jafnframt er það skoðun Baugs Íslands að það kerfi sem bændur þurfi að vinna við sé flókið og erfitt geti verið að ná fram hagræðingu við svo framleiðslusinnað kerfi.

Sjávarafurðir.

Ólíklegt þykir að það sé íslenski fiskurinn sem sé ódýrari út úr búð í öðrum ríkjum. Á það má benda að Baugur Ísland hefur t.d. flutt inn unnin lax frá Noregi sem var töluvert ódýrari en sbr. vara hérlendis.

Mjólkurvörur og egg / Smjör og matarolía.

Samkvæmt athugunum Baugs Íslands er samkeppnisstaða okkar verst í mjólkurvörum. Þar ríkir algjör einokun og verðlag á nauðsynjavörum eins og rjóma er allt að því 100% herra hérlendis en á öðrum Norðurlöndum. Sami vöruflokkur er einnig sá vöruflokkur sem verslun í landinu hefur enga framlegð af, eftir að rekstrarkostnaður hefur verið greiddur.

Ávextir og grænmeti

Mikilvægt er að ávextir séu skoðaðir sérstaklega enda eiga ekki við sömu innflutningshömlur þar og í grænmeti. Ísland samkeppnishæfara í ávöxtum en grænmeti. Engar innflutningshömlur eru á ávöxtum en á móti þarf að flytja vöruna inn og líftími hennar styttest við það sem eykur hættu á rýmun.

Grænmeti eru aftur á móti verndað að miklu leyti þó svo vernd hafi verið aflétt á fáum vörutegundum. Enn er innflutningshömlum haldið á sveppum og þúrrulauk til að verja einn framleiðanda í þeirri grein. Jafnframt eru enn gjöld á kartöflum, rófum, ýmsum káltegunum, gulrótum og selju.

Mikilvægt er að þessir flokkar séu mældir hvor um sig, svo nákvæmur samanburður fái.

Aðrar matvörur

Ekki er rétt að engar sérstakar innflutningshömlur séu lagðar á til að vernda innlenda framleiðslu. Innflutningshömlur eru t.d. á sykri, súkkulaði, sætindum, frönskum kartöflum, kaffi og tei svo örfá dæmi séu tekin.

Ekki er heldur rétt að framleiðsla á öðrum matvörum sé lítil héraendis en t.d. er stærstur hluti sælgætisneyslu Íslendinga innlent sælgæti.

Hverjar eru orsakir mismunandi matvælaferðs á Norðurlöndum

Það er mat Baugs Íslands að með samvinnu aðila á markaði og ríkis megi auðveldlega finna skýringar á háu matvöruverði. Mikilvægt er í þeirri skoðun að allir þættir aðfangakeðjunnar frá grunnframleiðslu til sölu í verslunum sé skoðuð og borin saman við sömu þætti í nágrannalöndum okkar. Samhliða því þarf að skoða kaupmátt þessara nágrannalanda.

f.h. Baugs Íslands
Jón Björnsson
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 128/727
komudagur 2.12.2002

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

NS
NEYTENDASAMTÖKIN

SÍÐUMÚLA 13,
108 REYKJAVÍK,
SÍMI 545 1200,
TELEFAX 545 1212,
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160,
128 REYKJAVÍK.

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 2. desember 2002

**Umsögn um þingsályktunartillögu um athugun á orsökum fyrir háu matvæla-
verði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins, 3.
mál.**

Neytendasamtökin lýsa yfir stuðningi sínum við þingsályktunartillöguna og hvetja til samþykktar hennar.


Þingsályktunartillagan er efnislega samhljóða erindi sem Neytendasamtökin sendu viðskiptaráðherra 11. febrúar 2000. Þar var bent á að verðhækkanir á matvörum voru miklu meiri hér á landi borið saman við þróun í öðrum löndum á Evrópska efnahagssvæðinu. Í framhaldi af þessu erindi Neytendasamtakanna var Samkeppnisstofnun falið að leita svara við erindi samtakanna.

Í byrjun maímánaðar 2001 gaf Samkeppnisstofnun út skýrslu um matvörumarkaðinn. Þar koma fram upplýsingar sem staðfesta þær upplýsingar sem fram komu í bréfi Neytendasamtakanna. Einnig koma þar fram upplýsingar um hvernig aðilar á matvörumarkaðum starfa og hvernig fákeppnin jókst á sama tímabili og hækkanirnar urðu. Raunar koma fram í skýrslu Samkeppnisstofnunar ýmsar upplýsingar sem ætla má að séu brot á samkeppnislögum. Samkeppnisstofnun boðaði í skýrslulok ýmsar aðgerðir þar á meðal að Samkeppnisstofnun muni “fara af stað með mál í því skyni að uppræta hugsanleg brot á samkeppnislögum”. Nú rúmlega einu og hálfu ári síðar er Neytendasamtökunum ekki kunnugt um neinar slíkar aðgerðir í framhaldi af skýrslunni. Verður það að teljast undarlegt miðað við alvarleika þeirra ásakana sem fram koma í skýrslu stofnunarinnar.

Með þingsályktunartillögunni fylgja upplýsingar sem staðfesta enn miklar hækkanir á matvörum. Neytendasamtökin telja afar mikilvægt að leitað verði fullra svara við þessu og að sjónvöld grípi í framhaldi af því til aðgerða til að rétta hlut neytenda.

Með bréfi þessu fylgja sem fylgiskjöl bréf Neytendasamtakanna dagsett 11. febrúar 2000 og tvö fylgiskjöl sem send voru með bréfmú.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendasamtakanna


Jóhannes Gunnarsson formaður

Alþingi
Erindi nr. P 128/414
komudagur 3. 12. 2002



Reykjum í Ölfusi, 30. nóvember 2002.

Alþingi, allsherjarnefnd,
150-Reykjavík.

Umsögn Sambands garðyrkjubænda um tillögu til þingsályktunar um athugun á orsökum fyrir háu matvælaverði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins, 3. mál, þskj. 3, 128. löggjafarþing 2002-2003., sbr. bréf allsherjarnefndar til sambandsins 21. október s.l.


Á fundi sínum 28. þ.m. fjallaði stjórn Sambands garðyrkjubænda um ofangreinda þingsályktunartillögu.

“Sambandið telur það vera sameiginlega hagsmuni almennings og framleiðenda grænmetis og annarrar matvöru að draga megi upp sem réttasta mynd af orsökum fyrir því að matvælaverð á Íslandi er hátt miðað við nágrannalöndin”.

Sambandið telur umrædda þingsályktunartillögu jákvætt framlag í þessu efni og býður fram aðstoð sína við öflun upplýsinga verði tillagan samþykkt”.

Í þessu sambandi er vakin athygli á að í “Aðlögunarsamningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands/Sambands garðyrkjubænda”, sem gerður var 12. mars s.l. er kveðið á um að koma eigi upp samstarfi aðila vinnumarkaðarins, bænda og stjórnvalda til að fylgjast ítarlega með verðmyndun garðyrkjuafurða og ávaxta og að fylgjast skuli með verðlagi á innfluttu grænmeti og ávöxtum og það borið saman við verð í öðrum löndum. Gert er ráð fyrir í samningnum að Bændasamtökin og Samband garðyrkjubænda afli gagna í þessum tilgangi.

Þessu er hér með komið á framfæri.


Framkvæmdastjóri.

Vinsamlegast athugið, að formaður Sambands garðyrkjubænda er Helgi Jóhannesson, Garði, 845-Flúðum.

Óskað er eftir að skrám Alþingis verði breytt í samræmi við þetta.



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Við Austurvöll

150 Reykjavík

SA/

Rvk. 20. 11. 2002

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um athugun á orsökum fyrir háu matvælaverði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins, þingskjal 3. - 3. mál - 128. löggjafarþing 2002-2003.

Samtök atvinnulífsins telja að sú athugun sem þingsályktunartillagan kveður á um sé mikilvæg og tímabær. Slík athugun ætti að geta dregið fram helstu skýringar þess munar sem er á matvælaverði hérlendis og í nálægum löndum og vægi helstu skýringarþátta. Ef vel tekst til þá myndi slík athugun geta leiðrétt margháttaðan misskilning sem borið hefur á í almennum umræðum um samanburð á almennu verðlagi og þróun þess hérlendis og í nágrannalöndum. Þess vegna taka Samtök atvinnulífsins undir þá tillögu að slík athugun fari fram.

Í vandaðri rannsókn má leiða í ljós forsendur sem sýna tengsl verðlags hér á landi og í nágrannalöndum við áhrifamikla samanburðarþætti, svo sem verga landsframleiðslu á mann, launastig og almennan kaupmátt, gengisþróun og fjármagnskostnað, skattheimtu, stærð markaðar og fyrirtækja, o.fl. Athugun á flutningskostnaði hlýtur jafnframt að verða áhersluþáttur í slíkri rannsókn.

Ennfremur skiptir máli að sýnd verði tengsl verðlags við stefnu stjórnvalda, t.d. varðandi verndun innlendra framleiðenda fyrir samkeppni, og að því er snertir kröfur um eftirlit, gæði, hollustuhætti o.fl. sem hafa mikil áhrif á framleiðslukostnað og verðlag.

Í greinargerð með tillögunni er rækileg grein gerð fyrir rannsókn norsku Hagstofunnar frá því í júní 2001 (Prisnivå på matvarer i de nordiske land, Tyskland og EU 1994-2000, Rapport 2001/20). Rétt er að víkja að helstu niðurstöðum þeirrar skýrslu. Meðal almennra þátta sem skýra hátt vöruverð, að mati skýrsluhöfunda, er há landsframleiðsla, en tölur sýna mikla fylgni milli landsframleiðslu á mann og vöruverðs. Miklum tekjum fylgir mikil eftirspurn sem oftast veldur þrýstingi á vöruverð. Í Noregi og á Íslandi er er matvöruverð almennt mun hærra miðað við almennt verðlag en í öðrum löndum. Árið 1998 var matvöruverð 51% hærra í Noregi en í ESB-ríkjunum en almennt verðlag var 26% hærra. Samsvarandi tölur á Íslandi voru 45% og 22%. Í Danmörku var hins vegar matvöruverð 29% hærra en í ESB en almennt verðlag 24% hærra og í Þýskalandi voru samsvarandi tölur 6%, bæði fyrir matvöruverð og almennt verðlag. Bústærð og fjárbinding í landbúnaði skipta máli, sem og álagning á öllum stigum frá bónda til smásala sem speglar launakostnað, samkeppnisaðstæður, tolla og viðskiptastefnu almennt. Sú



staðreynd liggur fyrir að landbúnaðarvörur eru mun dýrari í Noregi og á Íslandi en annars staðar. Mikill opinber stuðningur við landbúnað getur leitt til óhagkvæmrar framleiðslu og er þáttur sem hefur þýðingu fyrir verðlag í einstökum löndum. Bústærðir í Noregi eru minni en í Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð og Þýskalandi í hektörum talið. Þar sem gera má ráð fyrir stærðarhagkvæmni í framleiðslunni eru lítil bú þáttur sem skýrir óhagkvæma framleiðslu og hátt vöruverð. Náttúruleg skilyrði eru mismunandi milli landa, veðurfar og frjósemi, og setja þau takmörk fyrir því hve mikilli hagkvæmni verður náð.

Samtök atvinnulífsins telja tímabært að rannsókn sú sem hér er vikið að eigi sér stað. Samtökin lýsa vilja sínum til samstarfs við stjórnvöld um undirbúning og framkvæmd slíkrar rannsóknar og æskja þess að eiga aðild að undirbúningi og framkvæmd málsins.

Virðingarfyllst,

Ari Edwald, framkvæmdastjóri

Samtök ferðaþjónustunnar

Borgartún 35
105 Reykjavík
Sími: 511 8000
Símbref: 511 8008
www.saf.is
Netfang: info@saf.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/41
komudagur 11.11.2002



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík


Reykjavík 7. nóvember 2002

Efni: Tillaga til þingsályktunar um athugun á orsökum fyrir háu matarverði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins þskj. 3 – 3. mál.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið ofangreinda tillögu til umfjöllunar og vilja nota tækifærið og leggja áherslu á að matvælavæð er einn mikilvægasti þátturinn í rekstri veitingastaða og þar með ferðaþjónustunnar allrar.

Samtökin taka því heilshugar undir tillögu þessa.

Virðingarfyllst


Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 128/173
komudagur 20.11.2002



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
v/Austurvöll

150 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2002

**Efni: tillaga til þingsályktunar um athugun á orsökum fyrir háu matvæla-
verði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusam-
bandsins, 3. mál**

Samtök iðnaðarins styðja að verðmyndun hérlendis verði borin saman við nágrannalöndin. Gæta þarf þess að taka alla meginþætti til skoðunar.

Samtökin telja tímabært að athuga áhrif viðskiptahindrana, eins og tolla á landbúnaðarvörur og tilvist lítils gjaldmiðils, á verðmyndun hérlendis. Það er engum vafa undirorpið að krónan gerir verðsamanburð ógegnsæjan, verðlag óstöðugt og eykur viðskiptakostnað. Í kjölfar 17 prósentu lækkunar á gengisvísitölu krónunnar milli 1999 og 2002, hækkaði verðvísitala neysluvöru um 17 prósent og launavísitalan um rösklega 24 prósent, sem er margfalt meiri hækkun en hjá flestum viðskiptaþjóðum okkar. Þá þarf að athuga hvaða áhrif tekjustig og flutningsgjöld hafa á verðmun á milli landa. Athugunin leiðir vonandi í ljós þá þætti sem mestu máli skipta í þessu samhengi.

Samtökin styðja þingsályktunartillögu um að orsakir hás matvælavæðs verði athugaðar.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þorsteinn Þorgeirsson', written over a horizontal line.

Þorsteinn Þorgeirsson
hagfræðingur SI

SAMTÖK VERSLUNARINNAR

FEDERATION OF ICELANDIC TRADE



SAMTÖK MILLIRÍKJA-
VERSLUNAR, HEILD-
SÖLU- OG SMÁSÖLU-
DREIFINGAR

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 128/175
komudagur 20.11.2002

Reykjavík, 20.11.2002
Tilv. 02.109, 20.103
GÁS/gás

Samtök verslunarinnar vísa til tveggja bréfa hæstvirtrar allsherjarnefndar Alþingis, dags. 21. október 2002, þar sem óskað er umsagnar um tillögur til þingsályktunar um samiburð á matvælavæðri hérlendis og á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu annars vegar og um athugun á orsökum fyrir háu matvælavæðri á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins. Er hér um að ræða 3. og 7. mál og nær umsögn þessi til þeirra beggja.

Samtökin hvetja til þess að þessar þingsályktunartillögur verði samþykktar og telja nauðsynlegt að gerðar verði ítarlegar rannsóknir á ástæðum þess að matvælavæð hér á landi er svo hátt sem raun ber vitni. Hafa samtökin m.a. hvatt yfirvöld samkeppnismála til frekari athugunar á matvælamarkaði hér á landi eftir að skýrsla Samkeppnisstofnunar um matvörumarkaðinn var gefin var út í maí 2001. Ekki hefur verið orðið við þeirri málaleitan.

Í þeim töflum sem birtar eru í greinargerð með tillögu á þingskjali 3 er athyglisvert að skoða þá þróun sem orðið hefur á vísitölum fyrir matvöru frá og með árinu 1996. Til glöggvunar hafa samtökin sett þær tölur sem birtar eru í línurit sem sýna á skýrari hátt þróunina og fylgja þær umsögn þessari. Er ástæða til að skoða nákvæmlega hvað hefur gerst á matvörumarkaði eftir þann tíma enda verðþróunin eingöngu upp á við.

Nauðsynlegt er að athuganir á háu matvælavæðri hér á landi taki til sem flestra atriða sem hafa áhrif á myndun verðs. Verða hér nefnd nokkur atriði sem samtökin telja að þurfi að skoða vandlega en það eru samþjöppun á matvælamarkaði hér á landi, álagning í smásölu og þróun hennar, áhrif landbúnaðarkafra samningsins um Alþjóða viðskiptastofnunina og tolla- og vörugjaldsálagning sem er veruleg á matvæli.

Samþjöppun á matvörumarkaði hér á landi hefur verið mjög mikil undanfarin ár. Er nú svo komið að tvær keðjur hafa markaðsráðandi stöðu á matvörumarkaði, með 60 - 70% markaðarins á landsvisu og um 85% á höfuðborgarsvæðinu. Þessi samþjöppun sem gerst hefur á síðustu árum hefur ekki leitt til þess að matvöruverð hafi lækkað, síður en svo. Ætla mætti að með stærri einingum sköpuðust tækifæri til hagkvæmari innkaupa á betri verðum. Hins vegar verður ekki séð að sú hagkvæmni hafi leitt til verðlækkunar fyrir neytendur.

Með samningnum um Alþjóða viðskiptastofnunina (WTO) voru gerðar þær breytingar á




innflutningi landbúnaðarvara að í stað innflutningsbanns sem áður gildi, t.d. á kjöt og mjólkurvörur, voru lagðir á svokallaðir verndartollar. Er hér um að ræða himinhá gjöld sem bæði eru lögð á sem fast gjald á kíló og sem hlutfall af verði. Þessi gjöld hafa það í för með sér að nánast er útilokað að flytja þessar vörur til landsins. Þessi vernd hefur ennfremur í för með sér að verð á innlendum landbúnaðarvörum helst hátt þar sem samkeppni við erlendar vörur er nánast engin.


Ein hugsanleg ástæða hækkunar matvælaværðs er breytingar á lögum um vörugjald sem tók gildi á miðju ári 1996. Reyndar kemur fram í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum að í því fælist lækkun á vörugjaldi. Það er athyglisvert að skoða að nánast engin lækkun er þar gerð á vörugjaldi á þær matvælategundir sem bera vörugjald heldur þvert á móti virðist vörugjaldið standa í stað og hækka verulega á einstaka tegundir, s.s. sykurvörur ýmiskonar. Brýn nauðsyn er á að afnema vörugjald og fyrsta skref í þá átt ætti að vera að fella það niður af matvælum. Þó að vörugjaldið leggist aðallega á drykkjarvörur, sykurvörur og sælgæti eru það stórir kostnaðarliðir í innkaupakerru heimilanna.

Tollar á matvæli, þó ekki sé um að ræða verndartolla sem fjallað hefur verið um, eru verulegir. Þar sem matvæli eru almennt undanþegin ákvæðum EES-samningsins geta íslensk stjórnvöld haldið tollum á stórum hlutum matvæla sem flutt eru inn frá EES-svæðinu. Þá má heldur ekki líta fram hjá því að stór hluti matvæla sem flutt eru hingað til lands koma frá löndum sem eru utan EES og þá sérstaklega Bandaríkjunum. Við skoðun á tollskrá kemur í ljós að algengt er að tollar á vörur sem flokkast til matvæla eru 10-30% auk þess sem á fjölmargar vörur er einnig lagður magntollur.

Að lokum lýsa Samtök verslunarinnar sig reiðubúin til að mæta á fund hæstvitrar allsherjarnefndar verði þess óskað.

Virðingarfyllt


Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri


Guðrún Ásta Sigurðardóttir hdl.



Alþingi
Erindi nr. P 128/65
komudagur 15.11.2002

SJÁLFSBJÖRG
LANDSSAMBAND
FATLAÐRA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. nóvember 2002

Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra hefur borist til umsagnar 2 tillögur til þingsályktunar, annarsvegar um samanburð og hinsvegar um athugun á orsökum fyrir háu matvæleverð á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins, þskj. 3 - 3. mál og þskj. 7 – 7. mál.

Framkvæmdastjórn sambandsins fól kjaramálanefnd þess að gefa umsögn um tillöguna og er hún svohljóðandi:

Kjaramálanefnd Sjálfsbjargar, Isf. telur nauðsynlegt að gerð verði könnun á því af hverju matvæleverð sé hærra hér á landi en í nágrannalöndunum. Jafnframt telur nefndin afar brýnt að slík könnun sé gerð af óháðum aðilum.

F.h. Sjálfsbjargar,
landssambands fatlaðra,

Herdís Ingvadóttir
formaður kjaramálanefndar

Alþingi
Erindi nr. P 128/172
komudagur 20.11.28/02



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

15.nóvember 2002

Málefni: Þingsályktunartillaga um matvælavæðingunni, á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu, 3.mál og 7.mál.


SVP – Samtök verslunar og þjónustu hafa samkvæmt bréfi yðar dags. 21.október sl. yfirfarið tillögur til þingsályktunar, mál 3 og 7, um samburð á matvælavæðingunni á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu og skila hér með umsögn um það.

Þótt mikið af umræðu um matvælavæðingunni hafi farið út í hreina vitleysu, á Alþingi og víðar í kjölfar þessa þingsmáls, þá er full ástæða til að ræða það af alvöru. Hlutfall útgjalda heimilanna til matvörukaupa hefur vissulega lækkað í 15,8% úr rúmum 17% árið 1997, en samt er líklegt að hægt sé að gera enn betur. Einkum er það væntanlega innlenda varan, ekki síst landbúnaðarframleiðslan, sem vegur þungt í útgjöldum til matar- og drykkjarvörukaupa.

SVP – Samtök verslunar og þjónustu fagna allri málefnalegri umræðu um verslun og þar sem mikið skortir á að hagtölur um greinina hér á landi séu sambærilegar við flest önnur lönd þar sem mikilvægi verslunar er viðurkennt, þá hljóta samtökin að styðja þessa þingsályktunartillögu að því gefnu að hinir færustu aðilar vinni þann samburð sem um ræðir. Í þessu sambandi er ástæða til að minna á að það er afar vandasamt verk að gera svona samburð og sá sem vinnur verkið og aðferðir hans þurfa að vera hafnar yfir vafa um fagmennsku. Til glöggvunar sendum við hjálaga danska samantekt DagSam “Fakta om dagligvarepriser i Danmark” og hins vegar sænska grein frá Svensk Dagligvaruhandel “Egna varumärken och lågprisbutiker sänker priset på mat”, sem báðar varpa ljósi á þennan vanda. Í báðum þessum löndum hafa komið fram áskanir um að matvöruverð er smásölu sem sé hærra en meðalverð ESB landa.

SVP hafa lagt á það áherslu að þegar matvöruverð er skoðað þá þurfi að skoða a.m.k. bæði heildsölu- og smásölustigið því annars sé aðeins hálf sagan sögð. Við leggjum mikla áherslu á þetta og samþykkjum ekki rök sem einstakir embættismenn hafa viðhaft að þetta sé ekki hægt vegna óljósra skila á milli heild- og smásölu. Þetta á ekki við þegar aðeins er rætt um matvöruverð og benda má á að stærstu smásalar matvöru hér á landi flytja innan við 10% af þörfum sínum inn sjálfir.

Ef Alþingi samþykkir umrædda þingsályktun þá þarf að tryggja framangreint og auk þess hin ýmsu atriði sem fram koma t.d. í tilvitnaðri samantekt DagSam.

Viðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri

Hús verslunarinnar, Kringlan 7,
IS-103, Reykjavík, Iceland

Tel: +354 511 3000
Fax: +354 511 3001

svth@svth.is
www.svth.is

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hildar Njarðvík, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 20. nóvember 2002.

Efni: Till. til þingsál. um ath. á orsökum fyrir háu matvælav. (3. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu. Verslunarráð telur athugun, eins og þá sem tillagan kveður á um, sé ekki til þess fallin að bæta nokkru nýju við umræðu um matvælavæð á Íslandi. Tollar, vörugjöld og önnur skattheimta á vörur kemur auðvitað fram í vöruverði og telur Verslunarráð það með ólíkindum ef einhverjir hafa haldið annað. Verslunarráð telur miklu nær, ef mönnum ofbýður matvöruverð hér á landi, að minnka þessa skattheimtu (sem gjarnan er margföld á við það sem þekkist erlendis) áður en ráðist er í verkefni af þeim toga sem umrædd þingsál. fjallar um. Í greinargerð með tillögunni er enda viðurkennt að um mikla vinnu sé að ræða (lokamálsgrein) og vill ráðið benda á að um mikinn kostnað fyrir skattgreiðendur yrði líka að ræða ef ráðist væri í svona verkefni. Verslunarráð telur miklar líkur á því að eftirspurn eftir athugun sem þessari minnkaði verulega ef tollar og vörugjöld yrðu felld niður.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Ásthildur Andersen.